

Morgunblaðið

Útgef.: E. f. Árvakur, Reykjavík
 Ritstjórn: Jón Kjartansson,
 Valtýr Stefánsson.
 Ritstjórn og afgreiðsla:
 Austurstræti 8. — Sími 500.
 Auglýsingastjóri: E. Hafberg.
 Auglýsingaskrifstofa:
 Austurstræti 17. — Sími 700.
 Heimastímar:
 Jón Kjartansson nr. 742.
 Valtýr Stefánsson nr. 1120.
 E. Hafberg nr. 770.
 Áskriftagjöld:
 Innanlands kr. 2.00 á mánuði.
 Utanlands kr. 2.50 á mánuði.
 Í lausnasölu 10 auru ein takið.
 20 auru með Lesbók.

Flug Gronau yfir Grænlandsjökla.

Khöfn, 15. ág. Mótt. 16. ág.
 United Press. FB.

von Gronau lagði af stað frá Scoresbysund áleiðis til Godthaab kl. 2.11.

Khöfn, 17. ágúst.

(Frá frjettaritarar FB.).

Gronau lenti við Sukkertoppen um tólfleytið á laugardagskvöld, eftir tíu klukkustunda flug frá Scoresbysund.

Khöfn, 17. ágúst.

United Press. FB.

Loftskerti frá varðskipinu Hvidbjörnen hermir, að Gronau hafi verið að þrotum kominn með bensín, er hann lenti við Sukkertoppen. Flytur Hvidbjörnen honum bensín.

Þrjú menn úr Courtaulds-Watkins-leiðangrinum komnir til Hafnar.

Khöfn, 16. ágúst.

United Press. FB.

Scott, Stephenson og Lindsay, sem voru þátttakendur í breska Grænlandsleiðangrinum, komu hingað í gærmorgun. Hjeðan fara þeir innan skamms áleiðis til London.

Sparnaðarráðstafanir Bretá.

London, 15. ágúst.

United Press. FB.

Vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um að leggja áherslu á að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum, hækkaði sterlingspund lítils háttar á kauphöllinni í New York. — Embættismenn í fjármálaráðuneytinu hafa nú til athugunar hvernig haganlegast verði að framkvæma tillögur sparnaðarnefndarinnar.

Sundpróf í Reykjanesslauginni.

Ísafirði, 17. ágúst. FB.

Sundpróf í Reykjanesi fór fram í gær og var óvenjulega margt fólk þar saman komið, er talið að um 800 manna hafi verið þar við staddir. Esja flutti hjeðan og af Vestfjörðum rúmlega 500 manns. Fóru fram ræðuhöld, sund og leikfimi. Námskeiðið hefir staðið yfir í rúmar fimm vikur. Nemendur sextíu. Nýr sundskáli var reistar í Reykjanesi í vor, er rúmar 60—70 manns. Miðstöðvarhúsið la á hvernum.

Siglufjarðarkirkja.

Hornsteinn lagður

Siglufirði, 15. ágúst 1931.

Komu Dettifoss seinkaði svo að frestað var lagningu hornsteins kirkjunnar til kl. 4. Mætti þá við hina nýju kirkju fjöldi manns, en hún er nú komin það á veg, að veggir, gólf og loft er fullsteypt og turnbyggingin það langt komin, að eftir er að steypa þriðjung efnu hæðar. Sophus Blöndal konsúll lýsti athöfnina setta og las upp skjál það sem sett var í blýhylki í hornstein kirkjunnar og svo hljóðar: Hornsteinn þessi er lagður að Siglufjarðarkirkju 15. ágúst 1931. Byrjað var að grafa fyrir grunni kirkjunnar 15. maí sama ár og byrjað að steypa 3. júní. Sóknarnefndinni var kunnugt um að biskup landsins, dr. Jón Helgason, mundi verða hjer á ferð í ágústmánuði og var því lagningu hornsteinsins frestað þar til nú, að biskupinn er hjer staddur og leggur hann sjálfur steininn.

Kirkjan kostar, undir þak kominn, um sjötíu og sex þúsund krónur og mun því verki lokið í september næstkomandi. Fullgerð mun hún kosta rúmar 100.000 krónur og er búist við að hún verði það á næsta ári. Þrjúleikarstóll, bekkir, pípuorgel, ljósakrónur, hitunartæki, klukkur og annað þess háttar mun þess utan kosta að minsta kosti 40.000. Kirkjan er að nokkru byggð fyrir samskotafje, en að langmestu leyti er hún reist fyrir tillög úr bæjarsjóði. Til byggingarinnar fengust vilyrði fyrir allt að 25.000 króna láni úr sameiginlegum kirkjubyggingarsjóði og er þegar fengið það 20.000 króna lán til þess að fullgera kirkjuna að innan. En búist við að nægilegt fje fái með samskotum innan safnaðarins. — Stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar hefir látið það boð út ganga, að sparissjóðurinn, að fengnu leyfi landsstjórnar, gefi 10.000 krónur til pípuorgelsins. Íbúar Siglufjarðarkaupstaðar voru 2030 við síðustu áramót.

Áætlað er að kirkjan taki um 500 manns í sæti, en megi bæta þar við síðar.

Þá var upptalning í skjálmu á stjórn lands og kaupstaðar og á helstu mönnum bæjarins og núverandi sóknarnefnd: Sophus Blöndal, Þormóður Eyjólfsson, Þorsteinn Pjetursson, Tryggvi Kristinnson og Guðm. Bildahl. — Uppdrætti að kirkjunni hefir gert Árni Finsen. Bygginguna framkvæma Einar Jóhannsson múrarmeistari og Jón Guðmundsson húsameistari frá Akureyri. Yfirsmiður er Sverre Tynes. Raflagnir annast Ásgeir Bjarnason raffraðingur. Eftirlitsmaður með verkinu er Páll Jónsson húsameistur.

Þá söng blandaður kór undir stjórn Tryggva Kristinnsonar, sálmurinn Guð hest í hæð. — Biskup flutti því næst úr kirkjudyrunum snjalla ræðu og hjartnæma og lagði að því búnu blýhylkið í steininn og lýsti blessun drottins yfir húsið og söfnuðinn. Þá söng Karla kórinn „Visir“ ljóð sem Hannes skáld Jónasson hafði ort fyrir tæki færið. Þá flutti síra Bjarni Þorsteinsson prófessor ræðu. Því næst talaði bæjarfógeti og hvatti bæj-

arbúa til að taka höndum saman og lúka við hið fagra og veglega minnismerki þeirrar kynslóðar sem nú starfaði, sem hún hjer væri að reisa sjer. Að lokum söng karlakórinn „Ó, Guð vors lands“. Athöfnin fór hið prýðilegasta fram enda veður ákjósanlegt, sólskin og blíða. Kirkjan stendur ofarlega á brekkunni ofan við Siglufjarðar-eyri rjett norðan við kirkjugarðinn og loka fyrir vestari enda aðalgötu bæjarins og gnæfir turn hennar, þegar fullgerður er, hátt yfir allan bæinn. Umhverfis kirkju garðinn er nú verið að setja vandaða steinsteypugirðingu og um völlinn, sem kirkjan er byggð á, mun síðar sett vönduð girðing og hann lagaður og skreyttur eftir föngum.

Umferðatannlækningar.

Eitt af óstjórninni í heilbrigðismálum vorum er það, hve lítið er gert til þess að bæta algengasta sjúkdóminn, sem nálega hvert mannsbarn hefir við að stríða: tannskemdirnar.

Hversu verður þá úr þeim bætt? Það er von þó menn spyrji.

Ráðin eru tvö, og þau nægja ef vel væri á þeim valdið.

Hið fyrra er að **verja menn fyrir tannskemdu**, ekki sist börn og unglina. Þessi gáta sýnist nú að miklu leyti ráðin.

Hið síðara er, að **gera við skemdir** í tæka tíð eða **smíða gevitennur**, ef skemdir eru of miklar.

Hvernig er þá audið að koma þessu í framkvæmd?

Það yrði of langt mál í þetta sinn að útlista það hversu verjast megi tannskemdu, en minna má á það, að fyrir nokkrum manns öldrum voru tannskemdir tiltölulega fátíðar bæði hjer og erlendis. Í Svíþjóð er til dæmis talið, að tannátan hafi frá elsta tímum vaxið úr 8% upp í 90% eða þar yfir. Orsök þessara er mestmegnis óhentugt matarhæfi.

Þá er hitt atriðið, hversu allar landslýður geti fengið gert við tennur sínar og smíðaðar gervitennur, ef þess þarf með, og það á sem bestan og ódýrasta hátt. Sem stendur eru það nálega eingöngu kaupstaðabúar, sem geta auðveldlega leitað tannlæknis.

Mikil bót væri að því, ef **læknur væri rækilega kent að gera við allar einfaldar tannskemdir**. Það hefir ekki verið unt vegna fjárskortis o. fl. að gera þetta svo vel sem skyldi. Gervitennur ættu helst ekki aðrir að smíða en tannlæknar, og þeirra þarf ekki með á hverjum degi.

Annars hafa Svíar og Ameríkumenn fundið þjóðráð til þess að gera almenningi tiltölulega auðvelt og ódýrt að fá gert við tennur sínar, og jafnvel smíðaðar gervitennur. Þeir hafa komið á fótt **umferðatannlækningum** í strjál byggðu hjeruðunum. Flutti jeg erindi um þetta á síðasta læknafundi. — en heilbrigðisstjórnin svað og hrant og blöðin þögðu. Það er til nokkurs að gefa mönnum góð ráð!

Svíar (Rauði krossinn) hafa hagad þessu þannig, að þeir keyptu amerískan vagn sem bíll dró, og tannlækningaáhöld fyrir 1248 sænskar krónur (stórkaupaverð).

Var þeim komið fyrir á haganlegan hátt í vagninum. Síðan rjeðu þeir duglegan tannlækni og aðstoðarstólku. Lækninum guldu þeir 30 kr. (sænskar og ósviknar) á dag (10 kr. á helgidögum) og stúlkunni 15 krónur á mánuði. Síðan var læknirinn sendur í vagninum út um sveitirnar til þess að gera við tennur manna og þá fyrst og fremst barna og unglina. Dvaldist hann svo nokkra daga á ákveðnum stöðum, svo sjúklingar þurftu ekki að fara út úr sveitinni til þess að fá gert við tennur sínar, og það af æðum tannlækni.

Í sveitunum önnuðust sveitastjórnir eða sjerstakar nefndir um allan undirbúning undir komu læknisins, sáu fyrir húsnæði ljósi og hita svo og fæði handa lækni og aðstoðarstólku. Þær rjeðu og mestu um hvar lækningarnar færu fram.

Fyrir hvert barn sem aðgerða þurfti voru borgaðar 3—5 krónur, en einföld skoðun og útdráttur á smábrotum kostaði 1 krónu. — Fyrir fátæklinga var borgað úr sveitarsjóði en ekki var það talinn fátækrastrykur. Hverju barni var gefinn tannbursti og fræðslublað um tannkvilla og hirðingu tanna. Þó þessi gjöld væru miklu lægri en gerast hjá sænskum tannlæknum, þá hrakku þau langt til þess að greiða kostnaðinn.

Svíar hafa nú reynt þetta skipulag í nokkurn tíma, og gefist það ágætlega. Þó þótti þeim ameríski vagninn þungur í vöfum og hafa látið smíða bíl af ljettari gerð. Áhöldunum er komið fyrir í bílunum, og hafa verið endurbætt og fylgir þeim dálítið Röntgenáhalð (Philips) til þess að taka Röntgenmyndir af tönnum. Nú stendur til að kaupa fleiri bíla til þessara nota, því að sveitirnar vilja allar, að tannlæknar komi til sín.

Það er enginn vafi á því, að slík umferðatannlækning hentaði hvergi betur en hjer. Telst mjer svo til, að ötull tannlæknir kæmist yfir eina meðalstóra sýslu á mánaðartíma eða svo, þó aðsókn væri í besta lagi. Með 3—5 króna gjaldi að meðaltali fyrir hvern sem lækninga noti, ætti fyrirtækið að geta borið við mestu leyti, þó fátt verði fullyrt um það, að öllu óreyndu. Til þess að þyrja með kæmi ekki til tals að kaupa nema einn bíl og læra svo af því hversu honum farnaðist.

Heilbrigðisstjórn og Alþingi hefði verið í löfa lagið að koma þessu í kring, — ef ekki væru „pólítisku“ álögin á öllu þeim megin. Líklega hefði tannlæknirinn og aðstoðarstólkan þurft að vera með því rjetta flokksmarki og blessað sveitafólkið hefði þurft að fá alla lækninguna ókeypis, ef ekki þóknun fyrir að flytja börnin til læknisins.

En þingið hefir fundið annað ráð til þess að bæta úr skák. Það vill koma upp tannsmiðum til þess að búa til gervitennur. Ef það væri ekki Jón í Stóradal frændi minn, sem flytti frumvarp í þessa átt, þá grunaði mig að einhver tannsmiður, með því rjetta marki, þyrfti að fá atvinnu og tætti síðan að nota hann til þess að flytja tannlausa fólkinu þann rjetta pólitíska boðskap.

En hvað segir Björgúlfur læknir og konungur á Bessastöðum? Væri þetta ekki tilvalið verkefni fyrir Rauða krossinn hjer? Hann á ljettara um vik, því ekki er hann í neinum álögum.

G. H.

Nautilus í Tromsö.

Tromsö, 16. ágúst.

United Press. FB.

Nautilus kom hingað í gær. Búast menn við, að hann muni halda áfram norðurförinni á morgun.

Afnám

atvinnuleysisstyrkja í Bretlandi.

Tillaga borin fram af verklyðsfjelögnum.

London, 17. ágúst.

United Press. FB.

United Press hefir fengið upplýsingar um það frá áreiðanlegum heimildum, að verkalýðsfjelögin, en frá þeim hefir ríkisstjórnin aðal kosningafylgi sitt, muni leggja fast að stjórninni að bera fram á þingi tillögur í samræmi við ályktanir þings verkalýðsfjelaganna um afnám atvinnuleysisstyrkja í þeirri mynd, sem þeir nú eru, en stofna í þeirra stað sjóð til að framfleyta þeim, sem vegna atvinnuleysis hafa ekki nóg sjer til lífsviðurværis. Lagt er til að fje í sjóð þenna fái með álagningu á laun manna, frá 1% og upp í £ 250.

Dagbók.

Veðrið í gær. Loftþrýsting er lægst um Norðursjóinn, en mest yfir Grænlandi. Vindur yfirleitt NA og fremur hægur hjer á landi og á hafinu milli Íslands og Skotlands. Sunnanlands og vestan er þurt og hjart veður, en þokasúld í útsveitum nyrðra og á Austurlandi. Hiti 8 stig á Hesteyri og Raufarhöfn, þar sem kaldast er, en 14—17 á Suðvesturlandi.

Veðurútlit í Reykjavík í dag: N-gola. Ljettuskýjað (sennilega þó skúraleiðlegt með fjöllum).

Dánarfregn. Á laugardagskvöld andaðist úr taugaveiki frá Guðrún Kjartansdóttir, kona Stefáns bónda Guðmundssonar í Skipholti. Frú Guðrún var dóttir Kjartans heit, prófasts í Hrúna og konu hans Sigfríðar Jóhannesdóttur. Frú Guðrún var tæplega þrjú á aldrí, framúrskarandi efnileg kona og hvers manns hugljúfi. Hún ljest frá fjórum börnum, öllum á unga aldri.

89 ára varð 16. þessa mánaðar Kristín Guðmundsdóttir, Óðinsgötu 21.

Útvarpið í dag: Kl. 19.30 Veðurfregnir. Kl. 20.30 Hljómleikar. Kl. 20.45 Þingfrjettir. Kl. 21 Veðurspá og frjettir. Kl. 21.25 Grammófonhljómleikar (Piano-sóló).

Pjetur Á. Jónsson heldur söngskemtun í Gamla Bíó á fimtugdag. Þessi vinsæli söngvari er á förum af landi burt, svo að þetta verða al-síðustu forvöð til að heyra hann á þessu sumri. Munu söngvinir að sjálfsögðu ekki sitja sig úr færi að hlusta á Pjetur.